

ÍÞRÓTTAFÉLAGIÐ ÞÓR



Handbók aðalstjórnar 2025



Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
Saga félagsins	3
Formenn félagsins	4
SKIPULAG FÉLAGSINS	5
Markmið:	5
Íþróttaleg	5
Félagsleg	5
Fjármálaleg	5
Skipurit	6
Skipun stjórnar og hlutverk stjórnarmanna	7
Starfsmannahald	7
Leikmenn	7
Aðrir starfsmenn	7
Félagaskrá og starfsskýrslur	7
UMGJÖRD ÞJÁLFUNAR OG KEPPNI	8
Stefna félagsins	8
FJÁRMÁLASTJÓRNUN	8
Fjármálaleg stefna félagsins	8
Rekstrar- og greiðsluáætlanir	8
Fjárreiður og bókhald	8
Prókúra	9
Innborganir	9
Útborganir	9
Útgáfa reikninga	9
Bókhald	9
Virðisaukaskattur	9
Laun og verktakagreiðslur	9
Yfirdráttarheimildir	10
Reikningsviðskipti	10
RÁÐSTÖFUN STYRKJA OG SAMEIGINLEGRA TEKNA	10
Lottó	10
Getraunir	10
ÞJÁLFARAMENNTUN	11
Stefna félags/deildar	11
FÉLAGSSTARF	11
Atburðadagatal	11
Foreldrastarf	11
FRÆÐSLU- OG FORVARNASTARF	12
Stefna félagsins í vímuvörnum	12
Forvarnagildi íþróttar	12
Neysla áfengis, tóbaks og annarra vímuefna	12



Viðbrögð félagsins við neyslu iðkenda	13
Hlutverk og ábyrgð þjálfara	13
Samstarf við foreldra	13
Samstarf við aðra aðila sem sinna málefnum barna og unglinga	13
Hollir lífshættir	14
Vinátta, virðing og samskipti	14
EINELTI	14
Félagslegt einelti:	14
Líkamlegt einelti:	14
Efnislegt einelti:	14
Andlegt einelti:	15
Grunur um einelti	15
Ferill eineltismála	15
KYNFERÐISLEGT OFBELDI	16
SÍÐAREGLUR	16
JAFNRÉTTISMÁL	19
UMHVERFISMÁL	24
PERSÓNUVERNDARSTEFNA	24

INNGANGUR

Þessi handbók er gerð fyrir þá er koma að starfi Íþróttafélagsins Þór. Hún er upplýsingabók og segir frá starfi, skipulagi, stefnu og markmiðum félagsins/deildarinnar. Iðkendur, foreldrar og forráðamenn barna og unglunga geta leitað sér upplýsinga í handbókinni um félagið, starfsemi þess og stefnur. Handbókin er ekki síður ætluð fyrir stjórnarfólk, þjálfara og í raun allt starfsfólk í ráðum og nefndum og allt það fólk sem með einum eða öðrum hætti kemur að starfsemi félagsins. Allar upplýsingarnar sem í handbókinni eru og vitneskja fyrrgreindra aðila um þær auka líkur á því að allir stefni í sömu átt.

Saga félagsins

Íþróttafélagið Þór er elsta starfrækta íþróttafélagið á Akureyri.

Félagið var stofnað sunnudaginn 6. júní 1915 í Strandgötu 45 á Akureyri. Stofnfélagar voru 12 og fyrsti formaður þess var Friðrik Sigurður Einarsson. Hann var tæplega 15 ára gamall þegar félagið var stofnað.

Upphaflega hét félagið Þór, Íþróttafélag Oddeyringa, en síðar var nafninu breytt í Íþróttafélagið Þór. Samkvæmt fyrstu lögum félagsins fengu ekki aðrir inngöngu í félagið en þeir sem voru 10-15 ára. Markmið félagsins var að efla allar íslenskar íþróttir.

Samkvæmt fyrstu lögum Þórs máttu félagar ekki neyta tóbaks eða áfengis. Refsing fyrir brot á þessum lögum var 10 auru sekt fyrir fyrsta brot, 15 aurar gegn öðru broti, 25 aurar gegn þriðja broti og fjórða brot þýddi burt rekstur.

Aðalstarfsemi Þórs var á Oddeyrinni, allt fram á áttunda áratug síðustu aldar þegar félagið fékk úthlutað svæði í Glerárhverfi. Þar byggði félagið upp knattspyrnuvelli og félagsheimilið Hamar og síðar reisti Akureyrarbær fjölnota húsið Bogann á félagssvæði Þórs.

Í tilefni 100 ára afmælis Íþróttafélagsins Þórs þann 6. júní 2015 var afhjúpaður skjöldur á húsi númer 45 í Strandgötu þar sem félagið var stofnað. Það var fyrirliði íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu, Þórsarinn Aron Einar Gunnarsson, sem fékk þann heiður að afhjúpa skjöldinn. Aron er eins og allir ættu að vita uppalinn í Þór.



Formenn félagsins

Friðrik Sigurður Einarsson	1915-1916
Jakob Frímann	1916-1917
Steindór Hjaltalín	1917-1918 / 1921-1924
Garðar Jónsson	1918-1919
Hallgrímur Jónsson	1919-1921
Einar Malmquist Einarsson	1925-1930
Karl Eggertsson	1930
Jósef Sigurðsson	1930-1932
Leó Sigurðsson	1933-1934
Ingólfur Kristinsson	1934-1935
Sigmundur Björnsson	1935-1937
Kári Sigurjónsson	1937-1940
Höskuldur Steinsson	1940-1941
Jón Kristinsson	1941-1944
Jón P. Hallgrímsson	1944-1945
Jónas Jónsson frá Brekknakoti	1945-1950 / 1951-1952
Sigurður Bárðarson	1950-1951
Hreinn Óskarsson	1952-1953
Jóhann T. Egilsson	1953-1955
Páll Bjarnar Stefánsson	1955-1958
Jens Sumarliðason	1958-1959
Guðmundur Ketilsson	1959-1960
Haraldur Marínó Helgason	1960-1980 Heiðursfélagi og heiðursformaður Þórs
Sigurður Oddsson	1980-1984
Benedikt Guðmundsson	1984-1985
Aðalsteinn Sigurgeirsson	1985-1995
Guðmundur Sigurbjörnsson	1995-1998
Svala Stefánsdóttir	1998-2000
Jón Heiðar Árnason	2000-2006
Sigfús Ólafur Helgason	2006-2012
Árni Óðinsson	2012-2018
Ingi Björnsson	2018-2022
Þóra Pétursdóttir	2022-2023
Nói Björnsson	2023-

SKIPULAG FÉLAGSINS

Íþróttafélagið Þór var stofnað 06. júní 1915. Innan félagsins eru starfandi átta deildir. Skipulag félagsins byggir á lögum þess sem aðgengileg eru á heimasíðu félagsins:

<https://www.thorsport.is/is/felagid/log-thors>

Á síðustu árum hefur deildum innan félagsins fjölgað og starfsemi þess því orðin fjölbreyttari. Með þessu eru innviðir félagsins nýttir fleiri íþróttagreinum til hagsbóta.

Markmið:

Íþróttaleg

Tilgangur félagsins er að gefa ungum sem öldnum tækifæri til íþróttaiðkunar.

Markmið félagsins er að með íþróttaiðkun innan þess sé lagður grundvöllur að heilbrigðum lífsstíl. Einnig að iðkendur nái góðum árangri í sinni íþróttagrein og hafi aðstæður til að vera í fremstu röð á landinu.

Félagssvæði Þórs er byggt upp með það að leiðarljósi að skapa góða aðstöðu til íþróttaiðkunar.

Einnig vinnur aðalstjórn Þórs að því að fá úthlutuðum tímum fyrir þær greinar sem starfa innan félagsins. Íþróttafélagið Þór kemur skoðunum sínum á framfæri varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja þegar við á.

Íþróttafélagið Þór leggur áherslu á að þjálfarar sem starfa á vegum þess hafi hlotið viðeigandi menntun á vegum ÍSÍ eða sársambanda þess.

Félagsleg

Tilgangur félagsins er að gefa ungum sem öldnum tækifæri til félagsstarfa og veita þeim fræðslu um gildi íþróttar og heilbrigðra lífshátta.

Markmið félagsins með félagsheimilinu Hamri er hafa þar aðstöðu fyrir deildir og félagsmenn til að halda fundi og standa fyrir öðrum viðburðum.


Íþróttafélagið Þór heldur úti öflugri heimasíðu, www.thorsport.is, þar sem er að finna allar helstu upplýsingar um starfsemi félagsins. Einnig er þar fréttaveita þar sem fluttar eru fréttir af starfsemi félagsins og deilda þess. Við alla umfjöllun er þess gætt að allir njóti jafnræðis.

Fjármálaleg

Markmið félagsins er að skila jákvæðri afkomu á hverju rekstrarári.



Skipurit



Skipun stjórnar og hlutverk stjórnarmanna

Aðalstjórn félagsins er kosin á aðalfundi þess og stjórnir deilda eru kosnar á aðalfundum þeirra. Fulltrúi ungs fólks á aldrinum 16-25 á áheyrnarfulltrúa í aðalstjórninni. Starfsmaður aðalstjórnar er framkvæmdastjóri félagsins. Aðrir starfsmenn félagsins eru íþróttafulltrúi, bókarí og umsjónarfólk félagsheimilis og íþróttamannvirkja á Þórssvæðinu. Formaður aðalstjórnar og formenn deilda bera ábyrgð á að farið sé eftir sameiginlegum stefnuýfirlýsingum í handbók aðalstjórnar, hver á sínum vettvangi.

Starfsmannahald

Allir samningar við starfsfólk félagsins og deilda þess skulu vera skriflegir og gerðir á staðlað form sem aðalstjórn leggur til. Með undirritun á ráðningarsamningi staðfesta starfsmenn skyldu sína til að fara eftir þeim vinnureglum sem Íþróttafélagið Þór hefur varðandi starfsemi sína. Starfsfólk verður að uppfylla kröfur Akureyrarbæjar varðandi skilyrði um ráðningu í störf með börnum og unglingum.

Samningar við þjálfara eru í höndum stjórna deilda eða framkvæmdastjóra félagsins í umboði þeirra.

Leikmenn

Þegar leikmaður er ráðinn til félagsins skal gerður við hann skriflegur samningur á staðlað form félagsins. Leikmenn félagsins geta ýmist verið launþegar eða verktakar. Samningar við leikmenn skulu vera tímabundnir. Samningar við leikmenn eru í höndum stjórna deilda eða framkvæmdastjóra félagsins í umboði þeirra.

Aðrir starfsmenn

Þegar starfsmaður er ráðinn til félagsins skal gerður við hann skriflegur samningur á staðlað form félagsins. Samningar við starfsmenn aðra en þjálfara og leikmenn eru í höndum framkvæmdastjóra félagsins í umboði aðalstjórnar.

Félagaskrá og starfsskýrslur

Félagaskrá Íþróttafélagsins Þórs er viðhaldið í miðlægu tölvukerfi íþróttahreyfingarinnar, Abler. Allir félagsmenn eru skráðir í kerfið og upplýsingum um þá viðhaldið með kerfisbundnum hætti. Dagleg umsýsla og uppfærsla kerfisins er í umsjón framkvæmdastjóra félagsins. Umsjónarmaður kappkostar að nýta möguleika kerfisins eins og kostur er í þágu félagsins og deilda þess.

Skráning iðkenda og innheimta fer einnig fram í gegnum tölvukerfið Abler

Þeim sameiginlegu styrkjum sem skipt er milli deilda eftir fjölda iðkenda skal skipt á grundvelli iðkendafjölda skv. starfsskýrslum liðins árs.

Deildir félagsins skulu skila starfsskýrslu til framkvæmdastjóra annað hvert ár sem skilað er til ÍBA.

UMGJÖRÐ ÞJÁLFUNAR OG KEPPNI

Stefna félagsins

Íþróttafélagið Þór starfar í samræmi við stefnu ÍSÍ í barna- og unglingaíþróttum.

Handbækur einstakra deilda er hægt að nálgast á vef félagsins, www.thorsport.is.

Deildir félagsins taka hver um sig á móti nýjum iðkendum. Þeim ber að kynna þeim og forráðamönnum þeirra, ef við á, handbók deildarinnar.

Komi upp hegðunarvandamál yngri iðkenda skulu þjálfarar gera viðkomandi stjórn viðvart. Stjórn skal kalla foreldra við viðtals. Sé niðurstaða viðtals að viðkomandi iðkandi þurfi stuðning við íþróttaiðkun sína skulu foreldrar sjá til þess að hann sé veittur. Ef ekki er hægt að veita stuðning geta deildir neitað iðkanda frekari þátttöku þar til úr hefur verið bætt.

FJÁRMÁLASTJÓRNUN

Fjármálaleg stefna félagsins

Markmið félagsins er að skila jákvæðri afkomu á hverju rekstrarári.

Rekstrar- og greiðsluáætlanir

Verklagsregla um REKSTRAR- OG GREIÐSLUÁÆTLANIR gildir fyrir allt félagið. Formaður aðalstjórnar ber ábyrgð á að eftir reglunni sé farið.

Rekstur félagsins byggir á rekstraráætlunum sem samþykktar eru af aðalstjórn. Deildir skulu skila rekstraráætlun næsta árs fyrir 1. október á hverju ári.

Áætlanir eru notaðar af framkvæmdastjóra og aðalstjórn við eftirlit með fjárreiðum deilda og félagsins í heild.

Fjárreiður og bókhald

Verklagsregla um FJÁRREIÐUR OG BÓKHALD gildir fyrir allt félagið. Formenn aðalstjórnar og deilda félagsins bera ábyrgð á að eftir reglunni sé farið, hver á sínum vettvangi. Bókhald deilda og unglingaráða eru aðskilin og fjármál aðskilin utan þess að þau eru gerð upp saman í ársreikningi.

Prókúra

Framkvæmdastjóri félagsins ber ábyrgð á fjárreiðum þess og er prókúruhafi á öllum reikningum félagsins. Hann getur eftir atvikum heimilað prókúru til gjaldkera á einstökum reikningum viðkomandi deildar.



Óheimilt er að stofna reikninga á kennitölum félagsins og deilda þess nema með leyfi framkvæmdastjóra.

Innborganir

Allar greiðslur til félagsins og deilda þess skulu lagðar á bankareikninga og skráðar í bókhald.

Útborganir

Framkvæmdastjóri eða starfsmenn á skrifstofu félagsins í umboði hans skulu annast allar útborganir félagsins og deilda þess. Framkvæmdastjóra er heimilt að veita gjaldkera heimild til útborgana fyrir viðkomandi deild.

Greiðslur skv. fyrirbyggjandi samningum er heimilt að millifæra á bankareikninga en aðrar greiðslur skulu einungis eiga sér stað gegn framvísun fullnægjandi fylgiskjala.

Útgáfa reikninga

Allir reikningar félagsins og deilda þess eru gefnir út úr reikningakerfi félagsins. Upplýsingar um nafn, heimili og kennitölu skuldara, fjárhæð, eðli kröfu og virðisaukaskatt skulu berast framkvæmdastjóra í tölvupósti.

Bókhald

Bókhald félagsins er fært af bókara félagsins með reglulegum hætti og endurskoðað af löggiltum endurskoðanda.

Milli uppgjör fyrstu sex mánaða skal liggja fyrir 31. júlí ár hvert. Ársuppgjör skal liggja fyrir eigi síðar en 1. mars ár hvert.

Virðisaukaskattur

Félagið leggur áherslu á að í öllum viðskiptum deilda sé farið að lögum um virðisaukaskatt. Styrkir til félagsins eru undanþegnir virðisaukaskatti en allar greiðslur þar sem afgjald kemur fyrir, t.d. auglýsingar, eru virðisaukaskattskyldar.

Uppgjör virðisaukaskatts fer fram á tveggja mánaða fresti.

Laun og verktakagreiðslur

Starfsmenn aðalstjórnar eru launþegar. Leikmenn og þjálfarar eru ýmist launþegar eða verktakar. Sé þjálfari eða leikmaður í fullu starfi hjá félaginu skal hann vera launþegi. Sé þjálfari eða leikmaður í hlutastarfi og jafnframt í öðru starfi utan félagsins er heimilt að greiða viðkomandi verktakagreiðslur.

Launútreikningar og frágangur skilagreina vegna launatengdra gjalda er í höndum bókara félagsins.

Launagreiðslur til launþega fara fram mánaðarlega beint af reikningi viðkomandi deildar að því tilskildu að næg innistæða sér fyrir hendi.



Uppgjör launatengdra gjalda fer fram mánaðarlega í einu lagi fyrir milligöngu aðalstjórnar og er hlutdeild einstakra deilda í launakostnaði millifærð af reikningum deilda.

Yfirdráttarheimildir

Deildum félagsins er óheimilt að stofna til yfirdráttarheimilda nema í samræmi við greiðsluáætlanir og með samþykki framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóra er heimilt að veita deildum félagsins leyfi til tímabundinna yfirdráttarheimilda með ábyrgð aðalstjórnar. Frekari leyfi verða ekki veitt nema með sérstakri samþykkt aðalstjórnar félagsins.

Reikningsviðskipti

Deildum félagsins er óheimilt að stofna til reikningsviðskipta án skriflegs samþykkis framkvæmdastjóra.

RÁÐSTÖFUN STYRKJA OG SAMEIGINLEGRA TEKNA

Verklagsregla um RÁÐSTÖFUN STYRKJA OG SAMEIGINLEGRA TEKNA gildir fyrir aðalstjórn þórs. Formaður aðalstjórnar ber ábyrgð á að eftir reglunni sé farið.

Lottó

Tekjum félagsins af Lottóinu er ráðstafað til viðhalds og endurbóta á eignum félagsins. Ákvörðun um ráðstöfun er í höndum aðalstjórnar.

Getraunir

Tekjur af getraunastarfi renna til aðalstjórnar. Frekari ráðstöfun er í höndum aðalstjórnar.



ÞJÁLFARAMENNTUN

Stefna félags/deildar

Íþróttafélagið Þór leggur áherslu á að deildir félagsins ráði til starfa menntaða þjálfara og leiðbeinendur og beinir þeim tilmælum til deilda félagsins að vinna skipulega að símenntun starfandi þjálfara. Það er á ábyrgð hvernar deildar að skilgreina fjölda iðkenda og þörfina á fjölda þjálfara og aðstoðarþjálfara. Gerðir eru skriflegir ráðningarsamningar við þjálfara og þeir ráðnir sem launþegar. Samstarfsfundir þjálfara séu haldnir reglulega innan hvernar deilda.

FÉLAGSSTARF

Íþróttafélagið Þór hvetur deildir félagsins og félagsmenn almennt til þátttöku í starfi félagsins, hvort sem um er að ræða fundi sem tengjast með beinum hætti daglegu íþróttastarfi eða aðrar samkomur sem efnt er til á vettvangi félagsins. Hamar er félagsheimili Íþróttafélagsins Þórs. Félagsmenn eru hvattir til að nýta sér þá aðstöðu sem þar er fyrir hendi.

Atburðadagatal

Meðal atburða sem að Íþróttafélagið Þór stendur fyrir eru.

- Föstudagskaffi í Hamri.
- Afmæli Íþróttafélagsins Þórs 6. júní.
- Pollamót fyrir eldri iðkendur.
- Við áramót.

Þá standa deildir félagsins fyrir fjölmörgum viðburðum utan þeirra sem hér að ofan eru taldir.

Foreldrastarf

Öflugt foreldrastarf er lykilatriði í rekstri í Íþróttafélaginu Þór. Aðalstjórn félagsins hvetur deildir til að leita leiða til að efla og styrkja foreldrastarfið til framtíðar. Einnig hvetur aðalstjórn deildir sínar til að hafa öflug foreldraráð með skýrt afmörkuð verkefni sem deildirnar ákveða. Skýrt skipulag félagsins er til þess fallið að efla starfið um leið og aðstaða til fundahalda og annarra verkefna sem tengjast foreldrastarfinu er fyrir hendi í félagsheimilinu Hamri.

FRÆÐSLU- OG FORVARNASTARF

Íþróttastarf er uppeldisstarf og á það við um allar íþróttagreinar. Í öllu íþróttastarfi læra börn og unglingar að fylgja settum reglum og tileinka sér hollar lífsvenjur. Þjálfarar hafa því mikilvægu uppeldishlutverki að gegna og eru fyrirmyndir barna og unglinga í orði og verki.

Íþróttafélagið Þór hefur mótað sér stefnu í fræðslu- og forvarnamálum og hefur það að leiðarljósi að starfa samkvæmt stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um forvarnir og fíkniefni. Viðbragðsáætlun íþrótt- og æskulýðsstarfs er notuð í öllu starfi félagsins.

[Verkfærakista | Samskiptaráðgjafi](#)

Að auki er Íþróttafélagið Þór skv. rekstrarsamningi við Akureyrarbæ skuldbundið til þess að fylgja forvarnarstefna Akureyrarbæjar.

Í tengslum við stefnu ÍSÍ í forvarnamálum er starfandi samskiptaráðgjafi íþrótt- og æskulýðsstarfs sem veitir ókeypis ráðgjöf ef þú hefur orðið fyrir eða orðið vitni að einelti, kynferðislegri áreitni og/eða ofbeldi í íþróttum. Hægt er fylla út tilkynningaformið, panta viðtalstíma eða fá upplýsingar með því að hringja, senda tölvupóst eða á heimasíðunni <https://www.samskiptaradgjafi.is/>

Stefna félagsins í vímuevörnum

Forvarnagildi íþróttar

Íþróttir gegna mikilvægu hlutverki í vímuevörnum. Rannsóknir á högum barna og ungmenna sýna að þeim ungmönnum sem eru virk í íþróttastarfi reiðir betur af í daglegu lífi og neyta síður vímuefna. Einnig er ljóst að neysla áfengis, tóbaks eða annarra vímuefna hefur skaðleg áhrif á árangur í íþróttum.

Félagið vill taka mjög skýra afstöðu gegn neyslu allra vímuefna í tengslum við íþróttir. Í þessari stefnuyfirlýsingu er talað um vímuefnaneyslu og er þá átt við neyslu áfengis, tóbaks og annarra vímuefna sem og neyslu hormónalyfja sem ekki eru tekin í lækningalegum tilgangi eftir tilvísun læknis.

Íþróttir og neysla áfengis, tóbaks eða annarra vímuefna fara ekki saman. Félagið hvetur þjálfara sína og iðkendur til að forðast öll þau efni sem geta haft áhrif á árangur þeirra í íþróttinni og skaðað heilsu þeirra.

Þjálfarar og eldri iðkendur eru fyrirmyndir yngri iðkenda bæði í orði og í verki, félagið hvetur þá til að standa vörð um þá miklu ábyrgð sem þeir bera gagnvart iðkendum.

Nú á tímum eru vel þekkt vandamál í þjóðfélaginu sem fylgja vímuefnaneyslu ungmenna og er svo komið að íþróttafélög verða að hafa ákveðið frumkvæði til þess að sporna við þessari þróun. Ljóst er að freistingarnar eru margar og auðvelt fyrir ómótaðan einstakling að falla fyrir þeim. Í þessu sambandi hefur félagið sett sér ákveðna vímuvarnastefnu til að fylgja eftir.

Neysla áfengis, tóbaks og annarra vímuefna

Félagið er andvígt allri neyslu áfengis, tóbaks og annarra vímuefna allra iðkenda, þjálfara, fararstjóra og annarra félagsmanna eða aðila sem koma að íþróttastarfi á vegum félagsins. Öll neysla vímuefna hvers konar er bönnuð í tengslum við æfingar og keppnir á vegum félagsins.

Áfengis- og/eða tóbaksneysla á ekki að eiga sér stað í tengslum við íþróttastarf félagsins, s.s.

- áfengissala í tengslum við íþróttakeppnir
- reykingar og munntóbaksneysla á íþróttasvæðum
- áfengis- eða tóbaksauglýsingar á eða við velli eða á búningum

Viðbrögð félagsins við neyslu iðkenda

Félagið mun bregðast sérstaklega við allri vímuefnaneyslu iðkenda undir 20 ára aldri. Þá verða foreldrar félagsmanna undir 18 ára aldri undantekningarlaust látnir vita af slíkri neyslu. Kvikni grunur um neyslu ólöglegra vímuefna skulu þjálfarar hafa samráð við fagaðila, þar með talið lögreglu, um viðbrögð við slíkum málum.

Varðandi viðbrögð við vímuefna- og tóbaksneyslu þeirra sem eru sjálfráða mun félagið bregðast við neyslu sem er brot á reglum félagsins og neyslu sem hefur áhrif á ástundun, frammistöðu og ímynd félagsins.

Viðbrögð félagsins við brotum á reglum þessum verða í formi tilmæla og ábendinga. Skili viðbrögð ekki árangri getur komið til tímabundins banns frá æfingum og/eða keppni. Viðbrögð félagsins skulu miðast við að aðstoða iðkandann við að laga sig að reglunum og að hann fái færi á að halda áfram starfi innan félagsins.

Hlutverk og ábyrgð þjálfara

- Þjálfarar skulu vinna eftir vímuvarnarstefnu félagsins. Þar með er talið að bregðast við vímu-efnaneyslu iðkenda á viðeigandi hátt.
- Félagið mun sjá þjálfurum fyrir fræðsluefni um áhrif vímuefnaneyslu á árangur í íþróttum sem þjálfarar miðla síðan áfram til iðkenda.
- Þjálfarar skulu framfylgja stefnu félagsins varðandi samstarf foreldra og annarra aðila sem sinna málefnum barna og unglinga.
- Þjálfarar skulu gæta þess að vera iðkendum til fyrirmyndar jafnt á æfingum og í daglegu lífi.

Samstarf við foreldra

- Félagið mun upplýsa foreldra um stefnu félagsins í vímuvörnum.
- Félagið leggur áherslu á að koma á og viðhalda góðu samstarfi við foreldra iðkenda með fræðslu um áhrif áfengis, tóbaks og annarra vímuefna á árangur í íþróttum, auk fræðslu til foreldra um þjálfun og æskilegt mataræði íþróttafólks.
- Félagið mun starfa náið með fagfólki í vímuvörnum og hafa samráð við foreldra þurfi að taka á neyslu vandamáli iðkenda undir sjálfræðisaldri.

Samstarf við aðra aðila sem sinna málefnum barna og unglunga

- Félagið mun hafa náið samstarf við þá aðila sem sinna tómstundastarfi barna og unglunga.
- Félagið mun hafa náið samstarf við fagaðila sem sinna börnum og unglingum, fá frá þeim fræðsluefni og hafa samráð um einstaklinga í áhættuhópi.
- Félagið mun fá forvarnafulltrúa Akureyrarbæjar til að halda fræðslufundi fyrir iðkendur þess á hverju ári.

Hollir lífshættir

Árangur í íþróttum byggir ekki aðeins á góðri þjálfun heldur einnig góðum og heilbrigðum lífsháttum. Næg hvíld og svefn, hollt mataræði, reglulegar máltíðir og næg vatnsdrykkja skipta máli til að ná þeim árangri sem stefnt er að. Á æfingum benda þjálfarar á mikilvægi þessara þátta og hvetja iðkendur til að temja sér hollt mataræði, neyta reglulegra máltíða auk nægrar vatnsdrykkju. Einnig er bent á mikilvægi svefns, en meðal svefnþörf fullorðinna er talin um 7,5 klst. Börn og unglingar þurfa meiri svefn en fullorðnir. Besti mælikvarðinn á góðan svefn er að vakna úthvíldur og líða vel yfir daginn. Mikilvægt er að allir gefi sér tíma til nægrar hvíldar og leggja þjálfarar áherslu á það. Þjálfarar skulu hvetja börn til að ganga eða hjóla á æfingar í stað keyrslu og vera þeim góð fyrirmynd þar um.

Vinátta, virðing og samskipti

Hjá félaginu er lögð áhersla á vináttu, gagnkvæma virðingu og góð samskipti. Einelti er ekki liðið. Mikilvægt er að iðkendum finnist íþróttaiðkun skemmtileg og að þeim líði vel. Einnig er mikilvægt að þjálfarar hvetji iðkendur með jákvæðum hætti og að iðkendur hrósi hver öðrum þegar vel er gert. Með félagsstarfi er stefna félagsins að byggja upp jákvæðan félagsanda, stuðla að vináttu og efla liðsanda auk þess að iðkendur hafi gaman af líðandi stund.

Mikilvægt er að gagnkvæm virðing einkenni öll samskipti innan félagsins hvort sem um er að ræða samskipti milli eða innan stjórnar, þjálfara, iðkenda, foreldra/forráðamanna iðkenda, styrktaraðila eða aðra samstarfsaðila.

EINELTI

Einelti er síendurtekið ofbeldi þar sem einn eða fleiri níðast á eða ráðast ítrekað á einhvern einstakling. Ofbeldið getur verið félagslegt, líkamlegt, efnislegt eða andlegt.

Félagslegt einelti:

Einstaklingur er skilinn útundan. Einstaklingi er strítt, gert lítið úr honum eða gerðar særandi athugasemdir (svipbrigði, andvörp, eftirherma o.fl.)

Líkamlegt einelti:

Einstaklingi er hrint, sparkað í hann, hann hárreyttur, klipinn o.s.frv. Einstaklingi haldið föstum eða lokaður inni.

Efnislegt einelti:

Eigur viðkomandi (t.d. íþróttaföt, taska, skór eða föt) eru ítrekað eyðilagðar, faldar eða teknar.

Andlegt einelti:

Einstaklingur er þvingaður til að gera eitthvað sem stríðir gegn réttlætiskennd hans (t.d. girt niður um hann, hann þvingaður til að eyðileggja eigur annarra). Einstaklingur fær neikvæð SMS boð og hótanir.

Grunur um einelti

Ef grunur kemur upp um einelti er það tilkynnt til þjálfara/starfsmanna félagsins og í framhaldinu tilkynna til samskiptaráðgjaga ÍSÍ <https://www.samskiptaradgjafi.is/>

Þjálfarar skulu sérstaklega gæta þess að tryggja viðhlítandi aga og koma í veg fyrir einelti.

Þjálfarar í samráði við yfirþjálfara reyna að koma í veg fyrir alla þá þætti sem dregið geta úr vináttu, virðingu og góðum samskiptum. Þjálfari er hvattur til að ræða málin við iðkanda ásamt yfirþjálfara. Þjálfari og yfirþjálfari eru hvattir til að bregðast við aðstæðum sem þeir telja alvarlegar. Ef foreldrar/forráðamenn verða varir við einelti utan æfinga sem gæti haft áhrif á eða teygt sig þar inn eru þeir hvattir til að láta þjálfara vita til að þeir átti sig fyrir á því sem gæti verið að gerast og til að hægt sé koma í veg fyrir eða að taka strax á einelti ef það kemur upp.

KYNFERÐISLEGT OFBELDI

Félagið vil sporna við því í hvívetna að kynferðislegt ofbeldi geti átt sér stað innan félagsins eða í tengslum við starfsemi þess. Félagið mun hafa þetta m.a. í huga í tengslum við fræðslumál. Félagið mun í því skyni uppfræða starfsfólk um hugsanleg merki um kynferðislegt ofbeldi ásamt því að uppfræða um það hvernig hægt er að komast hjá því að slíkt eigi sér stað sem og að bregðast við því ef upp kemur.

Sjá upplýsingar um kynferðislegt áreitni og ofbeldi á heimasíðu ÍSÍ:

<https://isi.is/fraedsla/kynferdisleg-areitni-og-ofbeldi/>

Ef grunur er um kynferðislegt ofbeldi er haft samband við samskiptaráðgjaga ÍSÍ <https://www.samskiptaradgjafi.is/>

Upplýsingaskylda



Starfsmenn Íþróttafélagsins Þórs eru upplýsingaskyldir gagnvart stjórnendum, barnaverndarnefnd og forráðamönnum barna og unglinga sem þátt taka í starfi félagsins sbr. 17. grein barnaverndarlaga nr. 80/2002:

„Tilkynningarskylda þeirra sem afskipti hafa af börnum og ungmennum.

Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart.“

Ef einhvern í starfi á vegum Íþróttafélagsins Þórs grunar að barn hafi orðið fyrir ofbeldi skal umsvifalaust tilkynna það til barnaverndarnefndar Eyjafjarðar. Á dagvinnutíma er hægt að hringja í skiptiborð Akureyrarbæjar, símanúmer 460-1000, til að fá samband við rétta aðila. Utan dagvinnutíma er hægt að hringja í 112 til að samband við rétta aðila.

SIÐAREGLUR

Siðareglur Íþróttafélagsins Þórs.

Fyrir foreldra og forráðamenn

1. Mundu að barnið þitt tekur þátt á sínum forsendum.
2. Hvettu barnið til þátttöku í íþróttum sem það hefur áhuga á.
3. Útskýrðu fyrir barninu að starfið fari fram eftir ákveðnum reglum og kenndu því að leysa úr ágreiningi.
4. Styddu og hvettu öll börnin.
5. Sýndu jákvæðni, líka þegar á móti blæs.
6. Berðu virðingu fyrir ákvörðunum þjálfara, dómara og annarra starfsmanna.
7. Berðu virðingu fyrir réttindum barna, aðlögun og manngildum - hvert barn er einstakt og þarfnast virðingar þinnar.
8. Upplýstu um stríðni og/eða áreitni.
9. Berðu virðingu fyrir vinnu sjálfbóðaliða hjá félaginu því án þeirra hefði barn þitt ekki möguleika á að stunda æfingar og keppni með félaginu.

Fyrir eldri iðkendur

1. Gerðu alltaf þitt besta og berðu virðingu fyrir öðrum.
2. Þekktu reglur íþróttagreinarnar og vertu háttvís í hvívetna.
3. Taktu þátt af því að það er gaman, ekki til að þjóna hagsmunum styrktaraðila, foreldra eða þjálfara.
4. Berðu virðingu, bæði fyrir sam- og mótherjum.
5. Virtu ákvarðanir dómara og annarra starfsmanna.
6. Vertu heiðarlegur og opin í samvinnu við þjálfara og aðra sem styðja þig.
7. Taktu sjálfur höfuðábyrgð á framförum þínum og þroska.
8. Komdu fram við aðra eins og þú vilt að þeir komi fram við þig .

9. Forðastu neikvætt tal um samherja, mótherja, dómara, þjálfara eða aðra sem koma að starfinu.
10. Vertu ávallt til fyrirmyndar varðandi framkomu, jafnt utan vallar sem innan, og hafðu hugfast að þú ert fyrirmynd yngri iðkenda.
11. Samþykktu aldrei eða sýndu ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði.
12. Forðastu náin samskipti við þjálfara þinn.
13. Hafðu heilbrigði að leiðarljósi og neyttu aldrei ólöglegra lyfja til að bæta árangur þinn.
14. Gerðu þér grein fyrir því að þú ert fyrirmynd þeirra sem yngri eru.

Fyrir yngri iðkendur

1. Gerðu alltaf þitt besta og berðu virðingu fyrir öðrum.
2. Þekktu reglur íþróttagreinarnar og vertu háttvís í hvívetna.
3. Taktu þátt af því að það er gaman að stunda þá íþrótt sem þú hefur áhuga á.
4. Berðu virðingu, bæði fyrir sam- og mótherjum.
5. Virtu ákvarðanir dómara og annarra starfsmanna.
6. Vertu heiðarlegur og opinn í samvinnu við þjálfara og aðra sem styðja þig.
7. Komdu fram við aðra eins og þú vilt að þeir komi fram við þig.
8. Forðastu neikvætt tal um samherja, mótherja, dómara, þjálfara eða aðra sem koma að starfinu.

Fyrir þjálfara

1. Meðhöndlaðu alla iðkendur á þeirra forsendum, virtu þá sem einstaklinga og gættu trúnaðar gagnvart þeim.
2. Styrktu jákvæða hegðun og framkomu.
3. Sjáðu til þess að þjálfun og keppni sé við hæfi iðkenda með tilliti til aldurs, reynslu og hæfileika.
4. Sýndu íþróttinni virðingu og virtu reglur hennar, venjur og siði. Stuðlaðu að því að iðkendur geri slíkt hið sama og kenndu þeim að virða dómara og keppinauta.
5. Vertu góð fyrirmynd og spornaðu við óíþróttamannslegri og niðurlægjandi hegðun.
6. Komdu vel fram við alla iðkendur og líttu meira til færni og framfara en árangurs.
7. Misnotaðu ekki stöðu þína og vald.
8. Sæktu reglulega endurmenntun.
9. Leggðu þitt að mörkum til að skapa gott andrúmsloft og félagsleg tengsl.
10. Sýndu meiðslum og veikindum iðkenda tillitssemi.
11. Fáðu iðkendur til að vera með í ákvörðunum sem tengjast þeim og kenndu þeim að bera ábyrgð á eigin hegðun og framförum í íþróttinni.
12. Taktu tillit til aldurs iðkenda og viðhafðu jákvæða gagnrýni og forðastu neikvæða gagnrýni.
13. Leitaðu samstarfs við aðra þjálfara og sérfræðinga þegar þess þarf.
14. Viðurkenndu rétt iðkandans til þess að leita ráða frá öðrum þjálfurum.
15. Samþykktu aldrei ógnandi eða ofbeldisfulla tilburði.
16. Náið líkamlegt samband við iðkanda er bannað.
17. Komdu þér aldrei í þá aðstöðu að þú sért einn með iðkanda.



18. Sinntu iðkendum á æfingum en þess utan skaltu halda þig í faglegri fjarlægð. Forðastu samskipti gegnum síma og netið nema til boðunar æfinga og upplýsingagjafar.
19. Vertu meðvitaður um hlutverk þitt sem fyrirmynd, bæði utan vallar og innan.
20. Hafðu í huga að þú sinnir uppbyggingastarfi, bæði líkamlega, andlega og félagslega.

Fyrir stjórnarmenn, starfsmenn og sjálfboðaliða

1. Stattu vörð um grunngildi íþróttahreyfingarinnar.
2. Stuðlaðu að jöfnum tækifærum allra til þátttöku í íþróttum.
3. Stuðlaðu að því að sameiginlegum markmiðum íþróttar verði náð.
4. Stuðlaðu að því að formlegum og siðferðilegum reglum og venjum sé fylgt.
5. Virtu lýðræðisreglur og gagnsæi við ákvarðanatöku og stjórnaðu samkvæmt reglum um ábyrga fjármálastjórn.
6. Vertu til fyrirmyndar í framkomu.
7. Leystu ágreining og árekstra á sanngjarnan hátt og til samræmis við reglur og venjur hreyfingarinnar.
8. Misnotaðu aldrei aðstöðu þína til að koma eigin hagsmunum á framfæri á kostnað íþróttahreyfingarinnar.

Fyrir stuðningsmenn

1. Hvettu lið þitt áfram og hrósaðu því á jákvæðan hátt.
2. Forðastu niðrandi ummæli í garð andstæðinga og samherja.
3. Með jákvæðri hegðun á kappleikjum ert þú mikilvæg fyrirmynd félagsmanna og þannig styrkir þú ímynd félagsins. Ölvun og ólæti eru ekki liðin.
4. Berðu virðingu fyrir störfum dómara og starfsmanna.
5. Hlutverk stuðningsmanna er félaginu mjög mikilvægt og því ber stuðningsmanni að standa ávallt vörð um gildi félagsins jafnt utan vallar sem innan.

Siðareglur Íþróttafélagsins Þórs samþykktar á fundi aðalstjórnar Þórs 8. maí 2018, uppfærðar 20. júní 2018.

JAFNRÉTTISMÁL

Jafnréttisáætlun **íþróttafélagsins** byggir á lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og tekur einnig mið af lögum nr. 85/2018 um jafna meðferð utan vinnumarkaðar. Jafnréttisáætlunin er jafnframt byggð á vinnu Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands og Jafnréttisstofu um gerð jafnréttisáætlana fyrir íþróttafélög og leiðbeiningar þess efnis.

Íþróttafélagið Þór gætir jafnréttis í starfi sínu og leggur áherslu á að koma til móts við þarfir beggja kynja hvað varðar aðstöðu, þjálfun og keppni á vegum þess. Félagið stefnir á að í stjórnnum og nefndum á vegum þess sitji bæði kynin.

IÐKENDUR

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
ÆFINGATÍMAR OG AÐSTAÐA			
Iðkendur á sama aldri í sömu íþróttagrein fái óháð kyni jafn marga og sambærilega æfingátíma.	Úttekt á æfingátíma kynja í sömu íþróttagrein og á sama aldri.	Stjórn eða framkvæmdastjóri.	Árlega
Aðstaða og aðbúnaður mismuni ekki iðkendum eftir kyni.	Úttekt á aðbúnaði og aðstöðu kynja í sömu grein og á sama aldri.		



	Leiðrétta kynbundinn mun ef er.		
FJÁRVEITINGAR OG FJÁRAFLANIR			
Samræmi sé tryggt í fjárveitingum til íþróttagreina óháð kyni iðkenda.	Úttekt á því hvernig fjármagni er skipt milli íþróttagreina eftir kynjum.	Stjórn eða framkvæmdastjóri.	Árlega
Möguleikar til fjáraflana í nafni félagsins séu jafnir óháð kyni iðkenda.	Haldið er kynjabókhald utan um fjáraflanir í nafni félagsins.		
	Leiðrétta kynbundinn mun ef er.		
FJÖLBREYTNÍ OG UNNIÐ GEGN FORDÓMUM			
Íþróttafélagið þjóni fjölbreyttum hópi iðkenda. Jafna kynjahlutföll í greinum þar sem því er viðkomið.	Kortlagning á iðkendahóp í greinum (ef við á) eftir kynjum og aldri. Staðan og viðbrögð tekin til umræðu á æðsta vettvangi eftir því sem við á.	Stjórn og framkvæmdastjóri	Árlega
Unnið sé gegn staðalímyndum og fordómum.	Fræðsla um staðalímyndir og fordóma fyrir þjálfara, stjórn og starfsfólk. Skýrir verkferlar um hvernig tekið sé á fordómum.		
	Leiðrétta kynbundinn mun ef er.		
KYNNINGARMÁL OG VIÐURKENNINGAR			



Iðkendum er ekki mismunað eftir kyni eða vegna annarra mismununarástæðna í fréttum eða kynningarefni sem félagið sendir frá sér. Viðurkenningar eru veittar án kynbundinar mismununar. Verðlaun eru sambærileg fyrir öll kyn í sömu greinum.	Úttekt á fréttum og öðru efni sem félagið sendir frá sér m.t.t. kyns. Haldið er kynjabókheld utan um veittar tilnefningar og viðurkenningar. Haldið er kynjabókheld utan um veitt verðlaun. Leiðrétta kynbundinn mun ef er.	Stjórn eða framkvæmdastjóri.	Árlega
FORVARNIR OG FRÆÐSLA			
Unnið er gegn kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni innan félagsins. Samstarfsaðilar þekki stefnu félagsins í jafnréttismálum	Fræðsla fyrir þjálfara og starfsfólk félagsins Vinna eftir Viðbragðsáætlun íþrótt- og æskulýðsstarfs og hún kynnt öllu starfsfólki árlega Jafnréttisstefna félagsins kynnt fyrir samstarfsaðilum.	Stjórn félagsins.	Á tveggja ára fresti

ÞJÁLFAVAR

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
---------	--------	--------	-----------



Þjálfarar eru vel menntaðir og vel að sér um jafnrétti kynjanna. Þjálfarar njóta sömu launa og kjara fyrir sömu eða sambærileg störf og hafa sömu tækifæri til að afla sér þekkingar.	Fræðsla um jafnrétti kynjanna fyrir þjálfara, stjórn og starfsfólk félagsins. Úttekt á menntun, launum og launakjörum þjálfara m.t.t. kyns. Leiðrétta kynbundinn mun ef er.	Stjórn eða framkvæmdastjóri.	Árlega
---	--	-------------------------------------	---------------

NEFNDIR OG RÁÐ

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Kynjahlutfalls er gætt í nefndum, ráðum og stjórnnum félagsins. Hlutfall kvenna og karla sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Öll kyn hafa tækifæri til að koma fram fyrir hönd félagsins.	Úttekt á nefndum, ráðum og stjórnnum félagsins m.t.t. kyns. Úttekt á hverjir koma fram fyrir hönd félagsins m.t.t. kyns. Leiðrétta kynbundinn mun ef er.	Stjórn félagsins. Stjórn félagsins.	Árlega

EFTIRFYLGNI/ENDURSKOÐUN

Jafnréttisáætlunin nær yfir allt starf félagsins, hún er lifandi plagg sem tekur breytingum þegar þurfa þykir. Árlega fer stjórn félagsins yfir jafnréttisáætlunina og metur árangur verkefna. Hvað gerum við vel? Hvað getum við gert betur?

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Jafnréttisáætlunin sé virk í öllu starfi félagsins.	Áætlunin og árangur verkefna kynnt innan félagsins og birt á heimasíðu.	Stjórn	Árlega
Jafnréttisáætlunin er í sífelldri þróun.	Fara yfir jafnréttisáætlunina og uppfæra m.t.t. árangurs og reynslu.		
Jafnréttisáætlunin er endurskoðuð á fjögurra ára fresti	Tillaga að nýrri jafnréttisáætlun lögð fram byggð á fyrri reynslu. Ný jafnréttisáætlun til næstu fjögurra ára samþykkt og tekur gildi.		Fjórða hvert ár

UMHVERFISMÁL

Stefna félags/deildar

Félagið leggur áherslu á að iðkendur sýni umhverfi sínu ávallt tilhlýðilega virðingu og gangi um á þann hátt.

Almennt er farið eftir gildandi stefnu ÍSÍ í umhverfismálum.

Stefna íþróttafélagsins Þórs er að:

- Hvetja skal iðkendur að ganga eða hjóla á æfingar.
- Öll pappírsmarkun skal takmörkuð.
- Allar einnota vörur notaðar sem minnst.
- Flokkunarílát sett upp á æfinga- og keppnis svæðum og þau séu nýtt.
- Iðkendur fari vel með öll áhöld og búnað í íþróttahúsum.
- Iðkendur fari vel með keppnisbúninga sína.
- Iðkendur gangi vel um hvert sem farið er eða ferðast á vegum félagsins/deildarinnar og skilji ekki eftir sig rusl og óþrifnað.
- Flokkun á rusli miði að því að lágmarka þann úrgang sem þarf að urða.

Leiðarljós Þórsara:

- Ber virðingu fyrir nafni og búningi félagsins.
- Virðir reglur og venjur, sýnir ætíð heiðarleika í íþróttum.
- Er jákvæður.
- Er kurteis.
- Gerir alltaf sitt besta.
- Deilir ekki við dómara.
- Er stundvís.
- Er til fyrirmyndar í framkomu.
- Styður og hvetur öll börn og ungmennt.

PERSÓNUVERNDARSTEFNA

Íþróttafélagið Þór byggir persónuverndarstefnu sína á landslögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga sm gildi tóku 27. Júní árið 2018.

Í II. kafla laganna kveður meðal annars á um megin reglur um vinnslu persónuupplýsinga í 8.gr og 9.gr sem sérstök ástæða þykir að tiltaka í persónuverndarstefnu Íþróttafélagsins Þórs. Áttunda og níunda grein laganna eru svo hljóðandi:

8. gr. Meginreglur um vinnslu persónuupplýsinga.

1. að þær séu unnar með lögmætum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti gagnvart hinum skráða;
2. að þær séu fengnar í skýrt tilgreindum, lögmætum og málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi; frekari vinnsla í sagnfræðilegum, tölfraðilegum eða vísindalegum tilgangi telst ekki ósamrýmanleg að því tilskildu að viðeigandi öryggis sé gætt;
3. að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar;
4. að þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum; persónuupplýsingum sem eru óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skal eyða eða leiðrétta án tafar;
5. að þær séu varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á skráða einstaklinga lengur en

þörf krefur miðað við tilgang vinnslu; heimilt er að geyma persónuupplýsingar lengur að því tilskildu að vinnsla þeirra þjóni einungis skjalavistun í þágu almannahagsmuna, rannsóknna á sviði vísinda eða sagnfræði eða í tölfraeðilegum tilgangi og að viðeigandi öryggis sé gætt;

6. að þær séu unnar með þeim hætti að viðeigandi öryggi persónuupplýsinganna sé tryggt.

9. gr. Almennar reglur um heimildir fyrir vinnslu persónuupplýsinga.

Vinnsla persónuupplýsinga er því aðeins heimil að einhver eftirfarandi þátta sé fyrir hendi eftir því sem nánar er lýst í 6. gr. reglugerðarinnar:

1. hinn skráði hafi gefið samþykki sitt fyrir vinnslu á persónuupplýsingum sínum í þágu eins eða fleiri tiltekinna markmiða;

2. vinnslan sé nauðsynleg til að efna samning sem hinn skráði er aðili að eða til að gera ráðstafanir að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður;

3. vinnslan sé nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila;

4. vinnslan sé nauðsynleg til að vernda brýna hagsmuni hins skráða eða annars einstaklings;

5. vinnslan sé nauðsynleg vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili fer með;

6. vinnslan sé nauðsynleg vegna lögmætra hagsmuna sem ábyrgðaraðili eða þriðji maður gætir nema hagsmunir eða grundvallarréttindi og frelsi hins skráða sem krefjast verndar persónuupplýsinga vegi þyngra, einkum þegar hinn skráði er barn.

Íþróttafélagið Þór leggur sérstaka áherslu á að hlýta í einu og öllum þessum reglum í 8.gr og 9.gr laganna (sem og öðrum reglum) um réttindi félagsmanna sinna og annarra þeirra sem sem kunna að hafa skráðar persónuupplýsingar hjá félaginu.

Vísað er sérstaklega til þessara réttinda einstaklinga í III. Kafla laga um Persónuvernd og vinnslu persónu upplýsinga;

17. gr. Meginreglur um gagnsæi upplýsinga, rétt hins skráða til upplýsinga og aðgangs og undantekningar frá rétti hins skráða.

- Ábyrgðaraðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja gagnsæi upplýsinga og tilkynningar til skráðs einstaklings samkvæmt fyrirmælum 12. gr. reglugerðarinnar svo að hann geti neytt upplýsingaréttar síns og réttar til aðgangs.
- Hinn skráði á rétt til upplýsinga um vinnslu, hvort sem persónuupplýsinga er aflað hjá honum sjálfum eða ekki, svo og rétt til aðgangs að persónuupplýsingum um sig samkvæmt fyrirmælum 13.–15. gr. reglugerðarinnar með þeim undantekningum sem greinir í 3. mgr.

Íþróttafélagið Þór skuldbindur sig til að hlýta í einu og öllu lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga hvort sem er við öflunar, vinnslu eða geymslu slíkra upplýsinga.